anna í samþykkt sjóðsins um reikningsskil sje nákvæmlega gætt og *að* send sjeu landshöfðingja árlega eptirrit af reikningum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu er kynni að verða gjörð á samþykkt sjóðsins, og frá því, ef skipti verða á stofnendum sjóðsins, samkvæmt 2. og 3. gr. samþykktarinnar. 61 25. maí.

Þetta er hinni heiðruðu stjórnarnefnd hjermeð tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um auglýsing vogreka.** — Í þóknanlegu brjefi 17. febrúar þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt frá, að menn úr Ólafsfirði hafi haustið 1884 fundið bát á sjó úti og bjargað honum að landi, og að bátur þessi hafi verið virtur á 12 kr., en að finnendur hafi heimtað 7 kr. fyrir að róa hann í land. Þó að fara beri með vogrek þetta eptir 25. gr. skipsstrandalaganna 14. janúar 1876 og þá ennfremur að auglýsa það eptir 22. gr. þeirra þrisvar sinnum í frjettablaði því, þar sem birta skal opinberar auglýsingar, þá hafið þjer borið það upp, hvort ekki megi sleppa að auglýsa þetta lítilfjörlega vogrek á þenna hátt, þarsem andvirði þess að frádregnum björgunarlaunum og öðrum útgjöldum ekki hrökkvi fyrir auglýsingarkostnaði, og borga nettoandvirði vogreksins beinlínis í landssjóð. 62 26. maí.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, að jeg fellst á, að í tilfelli því, sem hjer er um að ræða, sje farið að á þann hátt, sem þjer hafið lagt til, en þarsem þjer ennfremur hafið mælt fram með því að framvegis megi fylgja sömu reglum við auglýsing vogreka, er finnast á sjó úti sem um vogrek, er reka á land upp, þannig að þau því aðeins verði auglýst í frjettablöðum að þau sjeu meira virði en 30 kr., en ella í yfirdóminum nema þau sjeu minna virði en 10 kr., og þá sjeu þau alls ekki auglýst, þá er jeg því að vísu samdóma, að fara skuli með auglýsingu vogreka, er finnast á sjó úti, á sama hátt sem með auglýsingu vogreka sem reka á land upp, en þaraf leiðir, að öll vogrek er finnast á hafi úti og heyra undir 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778, ber að auglýsa á þann hátt, sem 22. gr. skipstrandalaganna mælir fyrir, en vogrek, sem heyra undir 2. og 3. gr. í tjeðu opnu brjefi, á þann hátt sem segir í opnu brjefi 2. apríl 1853, 2. gr.; þó er að minni ætlan ekkert á móti því, að þegar vogrek, sem annars ætti að auglýsa eptir 22. gr. skipstrandalaganna, er svo lítils virði að nettoandvirði þess hrökkur ekki fyrir auglýsingarkostnaði, þá megi sleppa að auglýsa það, og virðist í því efni mega hafa hliðsjón af ákvörðuninni í opnu brjefi 2. apríl 1853 um að vogrek, sem ekki eru 10 kr., virði þurfi ekki að auglýsa.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um borgun handa fulltrúa stjórnarinnar á aukaalþingi 1886.** — Samkvæmt allrapegnlegastri tillögu ráðgjafans hefur hans hátign konunginum 25. þ. m. þóknast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á aukaalþingi 1886 skuli ákveðin 1000 kr. 63 27. maí.

Þetta er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíðindanna.